

Mánudaginn 12. nóvember 1962.

Nr. 90/1962. **Bæjarstjórn Akranesskaupstaðar**  
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Halldóri Grímssyni** (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um kosningarrétt.

### **Dómur Hæstaréttar:**

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1962. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda fyrir héraðsdómi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir Hæstarétt í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935, sbr. 61. gr. laga nr. 57/1962, og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Mál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt ákvæði 24. gr., 1. mgr. i.f., laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962.

Á miðju ári 1961 fluttist stefndi ásamt konu sinni og börnum frá Akranesi að Borgartúni í Innra-Akranesshreppi og hóf þar búskap. Lagt hefur verið fram í Hæstarétti endurrit sakadómsbókar Akraness af dómprófum, sem haldin voru 11. desember 1961 vegna þess, að eldur hafði orðið laus í bæjarhúsum í Borgartúni að morgni sunnudags 3. s. m. Er af dómprófunum ljóst, að þá hefur stefndi og fjölskylda hans átt heima í Borgartúni. Samkvæmt 1. tl. 15. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, skal á kjörskrá taka þá, sem fullnægja skilyrðum laganna og voru heimilisfastir í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma, er kjörskrár skulu fram lagðar samkvæmt 1. málsg. 19. gr. Samkvæmt því, er rakið var, var stefndi eigi heimilisfastur í Akranesskaupstað 1. desember 1961, og voru því eigi efni til að taka hann á kjörskrá þá fyrir Akranesskaupstað, sem gildi við bæjarstjórnarkosningarnar vorið 1962. Samkvæmt

þessu ber að fella úr gildi hinn áfrýjaða dóm og taka til greina kröfu áfrýjanda um sýknu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

### Dómsorð:

Áfrýjandi, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Halldórs Grímssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Akraness 26. maí 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var í gærdag, 25. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Akraness samkvæmt heimild í 24. gr. kosningalaga nr. 52 frá 14. ágúst 1959 af Halldóri Grímssyni, Grímsholti, Akranesi, gegn bæjarstjórn Akraness með stefnu, dags. 23. þ. m., og gerir hann þær réttarkröfur, að stefnda, bæjarstjórn Akraness, verði með dómi skylduð til að taka nafn stefnanda inn á kjörskrá fyrir Akranesskaupstað, þá er gilda skal við í hönd farandi bæjarstjórnarkosningar 27. þ. m.

Af hálfu bæjarstjórnar Akraness var mætt í málinu og krafizt sýknu til handa bæjarstjórnar af kröfu stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 2. þ. m. skrifaði Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi, bæjarstjórn Akraness f. h. stefnanda máls þessa, Halldórs Grímssonar, og konu hans, Lilju Gestsdóttur, og kærði yfir því, að þau hjónin hafi verið strikuð út af kjörskrárstofni þeim, er þá lá frammi almenningi til sýnis sem gildandi kjörskrá við væntanlegar bæjarstjórnarkosningar 27. þ. m., og gerði þær kröfur, að nöfn þeirra yrðu sett inn á kjörskrána. Rökstuddi hann þessa kröfu sína m. a. með því, að þau hjónin hafi verið heimilisföst á heimili hans að Suðurgötu 108, Akranesi, allan desembermánuð 1961 og ekki flutt burt frá Akranesi fyrr en seint í janúar 1962. Enn fremur með því, að þau hjónin hafi talið fram

til skatts á Akranesi í janúar s.l., svo og að þau hafi notið hér bóta almennra trygginga allt árið 1961 og njóti ennþá.

Með bréfi bæjarstjórans á Akranesi, dags. 23. þ. m., til umboðsmanns stefnanda tilkynnti hann honum, að bæjarstjórn hafi hinn 22. þ. m. hafnað kröfum hans um, að umbjóðendur hans verði sett inn á kjörskrá þá, er gilda skal við bæjarstjórnarkosningar 27. þ. m. Fylgdi bréfi þessu álitserð Haralds Jónasonar lögfræðings, dags. 21. þ. m. (dskj. nr. 5).

Í greindum skjölum og við munnlegan flutning málsins hefur eftirfarandi komið fram:

Samkvæmt kjörskrá þeirri, er sýnd var í dóminum, er stefnandi fæddur á Akranesi 1. júní 1940. Hefur hann alið aldur sinn hér á Akranesi og haft atvinnu hér allt til þess, er hann flutti með konu sína og börn að Borgartúni í Innra-Akranesshreppi í Borgarfjarðarssýlu á miðju ári 1961, en áður bjuggu þau hjónin að Görðum á Grímsholti, Akranesi. Aðfaranótt 1. desember s.l. varð eldsvoði á heimili þeirra hjóna að Borgartúni, og varð íbúð þeirra þar óbúðarhæf með öllu vegna brunaskemmda. Flutti stefnandi því með fjölskyldu sína og persónulega muni til fósturforeldra konu sinnar að Suðurgötu 108 hér í bæ hinn 1. desember s.l., en hélt áfram búrekstri í Borgartúni. Var með öllu óráðið, hvort þau, stefndi og kona hans, flyttu aftur í Borgartún, þá þau fluttu á Akranes 1. des. s.l. Bjó stefndi með fjölskyldu sinni að Suðurgötu 108, þar til þau fluttu aftur í Borgartún seint í janúar s.l.

Af framansögðu má ljóst vera, að stefnandi hefur átt heimili á tveimur stöðum 1. des. s.l., það er í Borgartúni í Innra-Akranesshreppi og að Suðurgötu 108 á Akranesi. Hins vegar hafði stefnandi haft aðalatvinnu sína á Akranesi mörg undanfarin ár, miðað við 1. des. s.l., að undanteknum þeim 5 mánuðum, er hann dvaldi í Borgartúni. Þá gefur það, að hann taldi fram til skatts á Akranesi í janúar s.l., ótvírætt til kynna, að stefnandi hefur kosið að telja lögheimili sitt á Akranesi á þeim tíma.

Verður því að telja með tilvísun til 3. gr. laga nr. 35 frá 30. maí 1960 um lögheimili, að lögheimili stefnanda hafi verið að Suðurgötu 108 á Akranesi 1. desember 1961.

Á því leikur ekki vafi, að stefnandi fullnægir öllum kosningaréttarskilyrðum samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og á rétt á að vera á kjörskrá og neyta atkvæðisréttar síns.

Samkvæmt framansögðu átti stefnandi lögheimili að Suðurgötu 108 á Akranesi 1. desember 1961, og ber því að taka kröf-

ur hans í máli þessu til greina, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar og 15. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis, sbr. og 1. gr. laga nr. 5/1962 um sveitastjórnarkosningar.

Dómur þessi er uppkveðinn af skipuðum setudómara, Stefáni Sigurðssyni hdl., samkvæmt símskeyti Dómsmálaráðuneytisins, móttæknu 24. þ. m.

#### Dómsorð:

Stefndu, bæjarstjórn Akraness, ber að taka nafn stefnanda, Halldórs Grímssonar, á kjörskrá þá, sem gildir við bæjarstjórnarkosningar á Akranesi 27. maí 1962.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1962.

Nr. 19/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Húbert Rósmanni Morthens**

(Gunnlaugur Þórðarson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp.

#### Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt.

#### I.

Arni Björnsson, sérfræðingur í skurðlækningum, hefur að tilhlutan verjanda ákærða framkvæmt athugun á gögn-um málsins, varðandi dauða Ásbjargar heitinnar Haraldsdóttur, og í skýrslu hans 26. marz 1962 um athugun þessa segir svo:

„Af krufningarskýrslu má ráða, að höfuðorsök að dauða hafi verið miklir áverkar á lifur hinnar látnu.

Lifraráverkar geta verið beinir eða óbeinir. Með beinum áverka er átt við, að eitthvað stingist inn í lifrina utan